

Umhverfissráðsfundur 8.02.2018

Umhverfissráð: Anna Borg, leikskólastjóri, Anna Guðjónsdóttir, matreiðslumaður, Agnes Finnsdóttir, leiðbeinandi (Klettaborg), Elwira Niewulis, uppeldisfræðingur (Tröllagil), Hlín Pálsdóttir, leikskólakennari (Álfasteinn), Lína Ellertsdóttir, leikskólakennari (Brikiból) og Sigríður Sigurðardóttir, leiðbeinandi (Lundur).



Fjarverandi:

Fundur hefst kl 8:30

Dagskrá fundar:

1) Fundagerð síðasta fundar lesin.

2) Tæma moltutunnur í skrefum:

Anna Borg tæmdi tunnu 3 og hún er í notkun núna.

3) Moltutunnur:

Moltutunna 1: moltuð/frosin

Moltutunna 2: blaut

Moltutunna 3: í notkun

Moltutunna 4: blaut

Moltutunna 5: moltuð/burr/hægt að tæma

Moltutunna 6: moltuð/frosin

Moltutunna 7: moltuð/burr/hægt að tæma

Moltutunna Lundur:

Moltukassar inni:

Ekki fylla moltutunnur upp fyrir flöskuhálsinn.

4) Fara yfir tunnur fyrir hvern fund. Hverjir gera það næst? Hlín og Elwira

5) Átaksvikur í rafmagni út febrúar.

6) Hvernig gengur með vinnuna gegn matarsóun? Eitthvað sem vantar á? Gengur vel allt að komast í gang. Anna kokkur sagðist finna mun, minni afgangar að koma inn í eldhús frá Tröllagili. Börnin á Tröllagili eru strax orðin duglegri að borða þar sem umbunarkerfi var sett í gang og það virkar svona vel. Yngstu deildarnar voru ekki tilbúin að byrja með það, fókusera á matarskammta og hrós í kjölfarið. Allar deildar eru tilbúnar að senda smá könnun til foreldra, vikukönnun, þar sem verið er að kanna einmitt matarskammta. Trúum því að þessi könnun verði til þess að draga úr matarsóun heimilana, fær fólk til að hugsa og breyta um hegðun. Agnes upplýsti fundarmenn að það ætti ekki að gefa smáfuglum slátur þar sem laukur er hluti af innihaldi.

7) Plastið, hvernig getum við leyst losun?

Ræddum um plastmagnið sem er að safnast upp. Ekki verið hægt að ganga í grendargám, Anna Borg ætlar að losa geymsluna við plastið og hringja í Ismael og athuga hvernær er fyrirhugað að bæta þessari söfnun við á heimilum og í stofnunum bæjarins.

8) Farið var yfir fundagerð umhverfissráðs barna/gátlistann.

Anna Borg sagði frá umhverfissráðsfundi Svartþrasta deginum áður. Þau voru ótrúlega dugleg, vel upplýst og gátu þulið upp hvað við ættum að gera til að draga úr matarsóun. Við eigum t.d. að passa okkur að missa ekki mat í gólfið, ekki kaupa inn ofmikið af mat, setja lítið á diskana ofl.

9) Önnur mál

Anna Borg ætlar að hafa samband við **yfiriðjupálfa á Hrafnistu** og athuga með samstarf um að við sköffum efni og eldra fólkið saumi taupoka fyrir óhrein föt.

Næsti fundur verður 15. mars kl: **8:30**, muna að taka dagbókina með!!

Fundi lokið: 9:02

Ritari fundarins: Anna Borg